



Launasumma, fjöldi starfsfólks og meðaltekjur – mismunandi breytingar

Launasumman, staðgreiðsluskyld laun allra á vinnumarkaði, hækkaði um 9,5% milli ára 2020 og 2021 samkvæmt tölum Hagstofunnar. Launavísitalan hækkaði um 8,3% á sama tíma og því hækkuðu heildarlaunatekjur Íslendinga mun meira en fóst mánaðarlaun. Vísitala neysluverðs hækkaði um 4,4% á þessum tíma þannig að launasumman hefur hækkað um u.þ.b. 4,9% að raungildi.


Frá árinu 2015 hefur launasumman aukist um 49% að meðaltali á nafnvirði í öllum atvinnugreinum. Sé litið til valinna greina hefur launasumman aukist mest í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, eða rúmlega tvöfaldast, og þar hefur þróunin verið nokkuð jöfn upp á við. Þarnaest hefur launasumman aukist mest í opinberri stjórnsýslu, með um 65% hækkun og mjög jafnri þróun. Sveiflur hafa verið meiri í öðrum greinum, aðallega í ferðaþjónustu, þar sem launasumman var um 22% meiri 2021 en hún var 2015. Miklar breytingar hafa orðið í ferðaþjónustunni þar sem launasumman var 75% meiri 2018 en hún var 2015.

Launasumman í verslun hefur aukist um tæp 50% á þessum árum, en með nokkrum sveiflum. Sjávarútvegur og fjármála- og váttryggingarstarfsemi hafa nokkra sérstöðu meðal þessara greina. Þar hefur launasumman aukist minnst og á það einkum við um fjármála- og váttryggingarstarfsemina.

Fjöldi starfsfólks segir svipaða sögu


Fjöldi starfsfólks í öllum greinum jókst um 9% milli 2015 og 2021, en einungis um 1,2% milli 2020 og 2021. Af völdum greinum hefur fjöldi starfsfólks aukist langmest í byggingarstarfsemi. Þar náði fjöldinn hámarki árið 2019 og hefur minnkað dálítið síðan. Frá 2015 til 2021 fjölgaði starfsfólki í byggingarstarfsemi um nær 50%, þar af um 4,6% milli 2020 og 2021. Sveiflan í ferðaþjónustunni er aðeins minni en gildi með launagreiðslunum, en engu að síður mjög mikil. Enn og aftur hafa sjávarútvegur og fjármála- og váttryggingarstarfsemi

Launasumma 2015-2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Fjöldi starfsfólks 2015-2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



sérstöðu meðal þessara greina, en þar var um nær stöðuga fækkun starfsfólks að ræða milli 2015 og 2021.

Meðaltekjur hæstar í fiskveiðum

Þegar búið er að fjalla um bæði launagreiðslur og fjölda starfsfólks þar að baki liggur beint við að skoða meðaltekjur í atvinnugreinum út frá tölum Hagstofunnar. Hér er um gróft meðaltekjuhugtak að ræða þar sem einungis er litið til fjölda einstaklinga sem greiðir staðgreiðslu af launum án tillits til vinnuframlags. Það skiptir t.d. miklu máli hversu algeng hlutastörf eru í mismunandi greinum og hefur það áhrif á niðurstöður.

Meðaltekjur í öllum greinum voru samkvæmt þessum tölum um 650 þús. kr. á mánuði 2021 og höfðu hækkað úr 600 þús. kr. árið áður. Tekjur voru hæstar í fiskveiðum, um 1.345 þús. kr. á mánuði, og næsthæstar í fjármála- og váttryggingarstarfsemi, um 930 þús. kr. Þar á eftir kom sjávarútvegur, sem er samtala fiskveiða og fiskvinnslu. Tekjur í fiskveiðum voru um tvöfalt hærri en í fiskvinnslu. Þá má einnig benda á að laun í fiskeldi eru töluvert hærri en í fiskvinnslu.

Lægstu tekjurnar í landbúnaði

Lægstu tekjurnar voru í landbúnaði á árinu 2021, um 313 þús. kr. á mánuði, og næstlægstar í gistingu og veitingastarfsemi, um 358 þús. kr. á mánuði. Í þessum greinum kann fjöldi hlutastarfa að skipta miklu máli.


Mesta hækkun milli ára í gistingu og veitingum

Á milli 2020 og 2021 hækkuðu launagreiðslur langmest í gistingu og veitingastarfsemi, um rúm 20%. Það er nokkuð ljóst að faraldurinn hefur haft mjög mikil áhrif á þá atvinnugrein þar sem hvorugt árið getur talist dæmigert. Næstmesta hækkun launagreiðslna var í fiskvinnslu, um 12%. Minnsta hækkun launagreiðslna milli ára var í fjármála- og váttryggingarstarfsemi og í ýmissi sérhæfðri þjónustu, innan við 1%.

Ekki nákvæmur samanburður


Eins og áður segir er hér um tiltölulega grófar tölur að ræða og því hæpið að draga allt of miklar

Tekjur í nokkrum atvinnugreinum



Heimild: Hagstofa Ísland, Hagfræðideild Landsbankans

Breyting tekna milli 2020 og 2021



Heimild: Hagstofa Ísland, Hagfræðideild Landsbankans



ályktanir á grundvelli þeirra. Tölurnar sýna þó mikilvægan hluta af heildarmyndinni.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.